

Samantekt á niðurstöðum úr könnun á vegum félagasamtakanna Ocean Missions

Fjármagnað af Mission Blue



Alberto Roldán Sastre
Belén García Ovide
Charla J. Basran




Tafla yfir efni

1. Samantekt
2. Samhengi
3. Markmið
4. Aðferðafræði
5. Greining og Gögn
6. Tillögur um Næstu Skref
7. Niðurstaða
8. Heimildir



HOPE SPOT
NORTHEAST ICELAND



1. Samantekt

Ísland hefur nýverið tekið sín fyrstu skref til þess að koma á fót verndum fyrir vistkerfi sjávar í samræmi við hnattrænar breytingar og hagræðingu á vistkerfum. Þessi skýrsla kannar viðhorf nærsamfélagsins til Vonarsvæðis Norðausturlands, svæðis sem hefur verið valið til þess að leggja áherslu á vistfræði- og menningarlegt mikilvægi þess.

Niðurstöðurnar, byggðar á svörum 106 heimamanna við könnunnarspurningum, leiða í ljós blendna sýn á heilsu sjávarvistkerfa Íslands. Aðaláhyggjuefnin eru plastmengun (68%) og skortur á vernduðum svæðum (52%). Styrkur tengingar samfélagsins við hafsvæðið endurspeglast í forgangsatriðum þeirra þegar kemur að náttúruvernd. Þar á meðal eru varðveiting á líffræðilegum fjölbreytileika (25%), trygging á mengunarlausu umhverfi (18%), og vernd á starfsvettvöngum og auðlindum eins og fiskistofnum og hvalaferðamennsku (15% og 12% hvort um sig). Þess er áhugavert að geta að 86% svarenda eru bjartsýnir um möguleg áhrif Vonarsvæðisins og 78% styðja frekari verndaraðgerðir. Hins vegar eru 39% ósátt við náttúruverndarframtök sveitarstjórnarinnar, sem gefur til kynna þörf á frekari samræmingu við forgangsatriði samfélagsins. Þörf er á frekari þátttöku almennings til þess að betur skilja og innleiða skoðanir þeirra við sköpun almennilegrar og lagalega bindandi stjórnunaráætlunar fyrir hafsvæðið, sem gæti falið í sér að hluti af eða allt Vonarsvæðið yrði þjóðgarður, verndað hafsvæði eða arfleifðarsvæði. Könnuninn sem var nýtt við gerð á þessari skýrslu gæti verið endurtekin til þess að veita betri skilning á breytilegum skoðunum almennings samhliða þróun á stjórnunarstefnum og til þess að ná til hópa með lítið þátttökhlutfall í þessu úrtaki. Byggt á núverandi niðurstöðum eru settar fram helstu ráðleggingar til þess að halda ferlinu áfram. Meðal annarra eru þær að bæta þátttöku og vitund almennings með rýnihópum og markvissum fræðsluáætlunum, að framkvæma vísindalegar rannsóknir til þess að stilla verndarstefnur að þörfum og sérstökum áhyggjuefnum, að bæta verndarframtök sveitarstjórnarinnar svo þau endurspegli betur þarfir nærsamfélagsins, að styðja framtök heimamanna að ábyrgari smáútgerðum og hvalaskoðun, ásamt því að setja reglugerðir um starfsemi á svæðinu til þess að umhverfisvernd og hagnaðarsjónarmið séu í jafnvægi.



2. Samhengi

Vistkerfi sjávar um allan heim standa frammi fyrir ógnum á borð við loftslagsbreytingar, aukna starfsemi manna, og tap á kjörbylí dýra og líffræðilegum fjölbreytileika (1, 2). Nýlegar rannsóknir framkvæmdar af vísindamönnum og íslenskum samtökum eins og Ocean Missions hafa leitt í ljós að sjávarvistkerfi Íslands hefur orðið fyrir áhrifum þessara breytinga á síðustu áratugum (3).

Ákveðnir þættir eru áberandi vegna þess að þeir eru sjáanlegir um leið, til dæmis plast- og efnamengun eða aukin fiskeldisstarfsemi. Aðrir þættir, til dæmis hækkandi hitastig sjávar og minnkun á líffræðilegri fjölbreytni vegna breytinga á dreyfingu dýrategunda og áhrifa ágengra tegunda eru minna áberandi en hafa samt sem áður langvarandi áhrif á umhverfi sjávar (4, 5, 6)

Til þess að mæta þessum alþjóðlegu vandamálum hafa alþjóðleg samtök á borð við High Ambition Coalition for Nature and People (metnaðarfullt bandalag fyrir náttúru og fólk, sem Ísland er meðlimur í) sett sér það markmið að vernda 30% af land- og hafsvæðum heims fyrir árið 2030 (7). Hins vegar er áætlað að nú séu undir 2% íslenskra hafsvæða með nokkurs konar vernd (8).

Íslensku félagasamtökin Ocean Missions hafa náð fram sérstakri viðurkenningu fyrir Norðausturland - tilnefningu á fyrsta Mission Blue Vonarsvæðinu á Íslandi. Vonarsvæði eru "sérstök svæði sem eru vísindalega einkennd sem ómissandi fyrir heilsu hafsins á heimsvísu" (9, 10). Vonarsvæði Norðausturlands inniheldur Skjálfandaflóa, Eyjafjörð og Grímsey, sem eru allt svæði sem eru mikils metin ekki einungis fyrir líffræðilegan fjölbreytileika, heldur einnig fyrir menningarlegt, efnahagslegt og félagslegt mikilvægi þeirra fyrir samfélagið. Ennfremur eru þessi svæði þekkt sem heimkynni margra sjávardýra, bæði staðbundinna og flökkustofna, sem reiða sig á þessi gjöfulu mið fyrir fæðuöflun og æxlun.

3. Markmið



Þó að skilgreining á Vonarsvæði feli ekki í sér lagalega bindandi ákvæði, þá kemur innleiðing þess af stað vitundarvakningu varðandi þörf á sjálfbærri stjórnun svæðisins. Þar af leiðandi gæti þróun á stjórnunaráætlun sem samræmist forgangsatríðum og áhyggjuefnum heimamanna stuðlað að varðveitingu hafsvæðisins sem um leið gagnast nærsamfélaginu.

Til þess að þessi stjórnunaráætlun þjóni ætluðum tilgangi hefur Ocean Missions tileinkað sér samfélagsmiðaða nálgun sem safnar sjónarmiðum og álitum íbúa varðandi hvernig best sé að vernda svæðið í framtíðinni. Sem fyrsta skref í ferlinu var gerð könnun til þess að veita skilning á sjónarmiðum íbúa varðandi eftirtirfarandi lykilatriði:

- 1) **Samfélagsvitund** - Hvernig upplifa íbúar núverandi ástand sjávarvistkerfa Íslands, og þá sér í lagi innan Vonarsvæði Norðausturlands?
- 2) **Forgangur varðveislu** - Hverjir eru lykil menningar-, náttúru-, og efnahagslegu þættirnir sem nærsamfélagið telur mikilvægast að varðveita fyrir komandi kynslóðir?
- 3) **Ánægja með verndaraðgerðir** - Eru heimamenn sáttir með núverandi verndarráðstafanir og þátttöku samfélagsins í þeim málum er snúa að verndun hafsvæðisins?
- 4) **Áhrif Vonarsvæðisins** - Hver telja heimamenn að möguleg áhrif Vonarsvæðisins geti verið á athafnir samfélagsins og gildi þeirra er tengjast hafinu?
- 5) **Stuðningur við sjávarvernd** - Hvert er viðhorf fólks til þess að sett verði lög og reglugerðir sem snúa að verndun sjávarlífkerfisins?
- 6) **Starfsemi og stjórnun** - Hvert er álit samfélagsins á núverandi eða framtíðar starfsemi á Vonarsvæðinu, og ætti sú starfsemi að vera hluti af framtíðaráætlun um stjórnun svæðisins?



4. Aðferðarfræði

Þessi skýrsla er byggð á könnun sem var gerð á vegum Ocean Missions. Þátttakendur voru 106 heimamenn yfir 18 ára aldri sem svöruðu könnuninni á milli októbers 2023 og júlí 2024. Könnunin var fánleg bæði á íslensku og ensku og var deilt með íbúum Norðausturlands bæði á opinberum umræðum og samkomum, sem og á netinu. Þátttakendur voru aðallega frá Akureyri (íbúafjöldi 19.542), Húsavík (íbúafjöldi 2.449), Dalvík (íbúafjöldi 1.360), og Grímsey (íbúafjöldi 57).

Svörum við könnuninni var safnað í gegn um vefsíðu (Survey Monkey) og því næst greind með Excel 2013. Allar spurningar kannanarinnar voru lokaðar nema annað kæmi fram. Fyrir opnar spurningar voru svör flokkuð eftir viðfangsefnum til þess að draga saman flóknar hugmyndir í skýr og hnitmiðuð álit. Niðurstöður svara við spurningunum eru sett fram í prósentutölum.

Netkannanir eru samþykktar fyrir íbúarannsóknir þegar þær eru vel hannaðar og ná til stórs dæmigerðs úrtaks. Niðurstöðurnar sem eru kynntar hér veita fyrstu innsýn í sjónarmið íbúa Norðausturlands, sem svo er hægt að byggja áfram á í frekari rannsóknum.

5. Greining og Gögn



Ocean Missions rannsökuðu viðhorf nærsamfélagsins til Vonarsvæðis Norðausturlands og álit þeirra á stjórnun starfseminnar á svæðinu. Niðurstöðurnar, sem endurspeglar þekkingu heimamanna og meðvitund þeirra um aðstæður í þeirra nærumhverfi, eru dregnar saman í eftirfarandi undirköflum.

Áður en niðurstöður kannanarinnar eru skoðaðar er mikilvægt að varpa ljósi á einstaka samsetningu íbúa á þessu svæði, sem þekkt er fyrir mikinn fjölda árstíðabundinna starfsmanna og alþjóðlegt samfélag. Könnunin var framkvæmd bæði á íslensku og ensku til þess að ná til fleiri þátttakenda, og einkenni þessara mismunandi hópa hafa áhrif á niðurstöðurnar.

Íslenskumælandi svarendur höfðu jafnara aldursbil (41% 18 - 40 ára, 57% 41 árs eða eldri), en enskumælandi svarendur voru almennt yngri (90% 18 - 40 ára). Mörg enskumælandi höfðu búið á svæðinu í eitt ár eða árstíðabundið (40%), en í samanburði höfðu 93% íslenskumælandi svarenda búið þar í fimm ár eða meira. Áform um framtíðarþúsetu voru einnig breytileg á milli hópa; 76% af íslenskumælandi svarendum ætluðu sér að búa áfram á svæðinu um ókomna tíð, en 43% af enskumælandi svarendum áætluðu að búa þar árstíðabundið og 33% áætluðu að vera þar allt að tíu ár, allan ársins hring.

Starfsvettvangur svarenda endurspeglar enn frekar muninn á þessum hópum. Flestir íslenskumælandi svarendur (68%) greindu frá því að starf þeirra hefði lítið sem ekkert með hafið að gera, en sölu- og þjónustustörf voru tilgreind hjá 27% svarenda. Störf við sjávarvernd, rannsóknarstörf eða ferðamennsku voru einungis 37% hjá íslenskumælandi svarendum. Á hinn bóginn kváðust 70% enskumælandi svarenda vinna störf sem höfðu tengsl við hafið, og 76% í starfi sem tengist sjávarvernd, rannsóknarstörfum eða ferðamennsku. Líkleg útskýring á þessu er tilvist ungra tímabundinna starfsmanna sem starfa eða hafa starfað við rannsóknarstörf, en sá geiri tengist mikið árstíðabundinni hvalaskoðun á svæðinu.

Þetta lýðfræilega mynstur gefur til kynna að frekari kannanir ættu að hafa það að sjónarmiði að ná til hópa sem höfðu litla þátttöku, svo og íslenskumælandi íbúa í sjávarþengdum starfsgreinum á borð við sjófrakt og veiði, en einnig var lítil þátttaka hjá bændum og fólki sem starfar í heilbrigðiskerfinu. Að auki ætti að leggja upp úr því að ná til enskumælandi íbúa sem hafa búið á svæðinu til lengri tíma og starfa ekki í sjávarþengdum geira, ásamt enskumælandi íbúum eldri en 40 ára. Meiri þátttaka þessara hópa mun gefa betri heildarmynd af viðhorfum nærsamfélagsins.


Munurinn á þessum hópum hefur einnig áhrif á túlkun á svörum þeirra og viðhorfum, svo niðurstöðurnar eru stundum birtar í sitt hvoru lagi fyrir íslensku- og enskumælandi svarendur. Þannig endurspeglar þær betur viðhorf hvors hóps fyrir sig.

5.1 Upplifun Almennings á Heilsu Hafsvæðis Íslands:

Skoðanir svarenda á heilsu sjávarvistkerfa Íslands eru misjafnar, en þó má greina að ástand þeirra sé að einhverju leyti áhyggjuefni (Mynd 1).

Þegar ákveðnir þættir eru skoðaðir virðast íbúar hafa mestar áhyggjur af vandamálum á borð við plastmengun (68%), skort á vernduðum svæðum (52%), og skipaumferð (50%), ef svarmöguleikarnir "slæmt" og "mjög slæmt" eru sameinaðir. Á hinn bóginn eru svarendur jákvæðir gagnvart heilsu fiskistofna (54%), magni og fjölbreytni staðbundinna og árstíðabundinna dýrategunda (69%), og tíðni eyðileggjandi ofsaveðurs (40%), og eru þeir þættir taldir vera í "góðu" eða "mjög góðu" ástandi. Þó virðist vanta meðvitund eða skoðanir um ákveðin málefni þar sem oft var merkt við "veit ekki/hef ekki skoðun", þá einna helst varðandi ágengar tegundir (41%) og hljóðmengun (38%).

Niðurstöðurnar leiða í ljós skiptar skoðanir um sjávarvistkerfi Íslands, sem má líklega rekja til mismunandi skilnings og meðvitundar um umrædda þætti. Til dæmis fengu þættir sem hafa haldbær og sjáanleg áhrif á umhverfi og efnahag, eins og fjöldi dýrategunda og skipaumferð, ásamt þeim sem lögð er áhersla á á samfélagsmiðlum sem og í fræðsluverkefnum, til dæmis plastmengun, mun færri svör sem gáfu til kynna skort á vitneskju (17, 18). Þekking almennings mætti bæta með betri fræðslu og nauðsynlegt er að rannsaka frekar hvernig vitund er mismunandi á milli hópa.




MYND 1. UPPLIFUN ALMENNINGS Á HEILSU HAFSVÆÐIS ÍSLANDS. ÞETTA GRAF SÝNIR UMHVERFISÞÆTTINA SEM SPURT VAR UM Í KÖNNUNINNI. HLUTFALL SVARA FRÁ "MJÖG SLÆMT" Í "MJÖG GOTT" ER SÝNT Í PRÓSENTUTÖLUM MEÐ LITUÐUM SÚLUM, OG "ÉG VEIT EKKI/HEF EKKI SKOÐUN" SVÖR ERU TÁKNUÐ MEÐ GRÆNNI LÍNU.

5.2 Viðhorf til Varðveislu fyrir Komandi kynslóðir:

Skoðanir á því hvað sé mikilvægt að varðveita eru vel skilgreindar og viðurkenndar í samfélaginu, þar sem líffræðileg fjölbreytni, mengunarlaust umhverfi, og atriði tengd við starfsgreinar sem reiða sig á auðlindir hafsins sem og fiski- og hvalastofnar eru í miklum forgangi.

Þegar svarendur eru spurðir hvað beri að vernda nefndu þeir helst náttúrutengd atriði í opnum spurningum. Líffræðilegur fjölbreytileiki var helsta forgangstatriðið (25%), þar sem dýralíf er oft nefnt (t.d. fuglar og hvalir) (Mynd 2). Mengunarlaust umhverfi (18%) var einnig í hávegum haft, þar sem svarendur tóku fram mikilvægi þess að takast á við plast- og vatnsmengun með betri stjórnunarháttum.

Verndun vistkerfa (15%) og fiskistofna (15%) þótti einnig vega hátt, sérstaklega til þess að verja smáútgerðir og kjörbýli dýrategunda. Hreinar strendur (10%) voru mikils metnar og tilgreindar með vísunum til strandlengjunnar, fjörunnar og landslagsins. Að lokum voru hvalir (12%) einnig taldir mikilvægir, og kallaði samfélagið eftir því að farsæld þeirra yrði tryggð með betri reglugerðum um hvalaskoðun.




MYND 2. ATRIÐI TIL VARÐVEISLU FYRIR KOMANDI KYNSLÓÐIR. ÞETTA GRAF SÝNIR PRÓSENTUTÖLU ÞEIRRA SVARENDA SEM NEFNÐU HVERN ÞÁTT FYRIR SIG, AÐSPURÐIR HVAÐ ÞEIM ÞÆTTI MIKILVÆGAST AÐ VARÐVEITA EÐA KOMA Á FYRIR KOMANDI KYNSLÓÐIR. SPURNINGIN VAR OPIN OG LYKILHUGTÖK OG ATRIÐI HAFA VERIÐ SETT SAMAN Í FLOKKA.

5.3 Álit á Hlutverki Vonarsvæðisins

Nærsamfélagið hefur trú á því að Vonarsvæðið muni gegna mikilvægu hlutverki þegar kemur að vernd hafsvæðisins.

Heilt yfir töldu 86% svarenda að Vonarsvæðið gæti haft jákvæð áhrif byggt á þeirra gildum og persónulegu tengslum við hafið þegar svarmöguleikarnir "nokkuð jákvæð áhrif" og "mjög jákvæð áhrif" eru teknir saman. Aðeins litill hluti svarenda var neikvæður (4%) eða hlutlaus (10%) í garð áhrifa Vonarsvæðisins.

Þessar niðurstöður benda til þess að nærsamfélagið styðji frekari úrbætur á sjávarvernd, og trúir því að skilgreining Vonarsvæðisins gæti verið fyrsta skrefið í því framtaki. Þó er þörf á viðfermum og hlutrænum viðræðum og samfélagsfundum til þess að skilja betur viðhorf almennings sem og hagsmunaaðila til þróunar á lagalega bindandi stjórnunaráætlun fyrir hafsvæðið. Þannig má einnig koma í veg fyrir neikvæð áhrif á samfélagið - hvort sem er efnahags- eða menningarleg áhrif, virkja þátttöku íbúa og auka ánægju með verkefnið (13, 15).




MYND 3. ÁLIT Á VONARSVÆÐINU ÚT FRÁ PERSÓNULEGUM GILDUM ER TENGJAST HAFINU. ÞETTA GRAF SÝNIR ÁLIT SVARENDA Á ÁHRIFUM VONARSVÆÐISINS FRÁ "MJÖG NEIKVÆÐ ÁHRIF" Í "MJÖG JÁKVÆÐ ÁHRIF", SÝND SEM PRÓSENTUTALA FYRIR ENSKUMÆLANDI SVARENDUR (BLÁAR SÚLUR), ÍSLENSKUMÆLANDI (APPELSÍNUGULAR SÚLUR), OG HEILDARPRÓSENTU (GRÆN LÍNA).

5.4 Ánægja með Verndaraðgerðir Sveitarstjórnarinnar

Samanborið við jákvætt viðhorf svarenda til Vonarsvæðisins virðast íbúar neikvæðari eða hlutlausir gagnvart framtaki sveitarstjórnarinnar þegar kemur að verndaraðgerðum í þágu hafsins.

Heilt yfir eru 39% fólks "Óánægt" eða "Mjög Óánægt" með verndarstefnur sveitarfélagsins, og þá er meiri óánægja á meðal enskumælandi svarenda (49%) heldur en íslenskumælandi svarenda (29%) (Mynd 4). Þar að auki svöruðu 24% þátttakenda á hlutlausan hátt (hvorki ánægðir né óánægðir), og 23% kváðust enga skoðun hafa á efninu.

Neikvæð ímynd almennings á framtaki sveitarstjórnarinnar undirstrikar þörfina fyrir frekari rannsóknir svo hægt sé að ganga úr skugga um það hvort óánægjan sé vegna aðgerðarleysis stjórnvalda, takmarkaðra náttúruverndaraðgerða, lítillar vitneskju almennings um verkefni sveitarstjórnarinnar, eða skorts á þátttöku almennings sem leiðir til misræmis í forgangsatriðum samfélagsins og framtaki stjórnvalda (16).




MYND 4. ÁNÆGJA MEÐ VERNDARSTEFNUR OG -AÐGERÐIR SVEITARFÉLAGSINS. ÞETTA GRAF SÝNIR ÚTBREIÐSLU SVARA FRÁ "MJÖG ÓÁNÆGÐ/UR/T" Í "MJÖG ÁNÆGÐ/UR/T" Í PRÓSENTUTÖLUM FYRIR ENSKUMÆLANDI SVARENDUR (BLÁAR SÚLUR), ÍSLENSKUMÆLANDI (APPELSÍNUGULAR SÚLUR), OG HEILDARPRÓSENTU (GRÆN LÍNA).

5.5 Stuðningur við Stofnun á Verndartákni

Heilt yfir virðist samfélagið styðja heilshugar stofnun á verndartákni (þ.e. vernduðu hafsvæði, sjávarþjóðgarði eða þess háttar) á Vonarsvæðinu.

78% svarenda voru annað hvort "nokkuð" eða "mjög" hlynntir stofnun á verndartákni sem stuðli að betri varðveislu og stjórnun, en aðeins 6% voru "nokkuð" eða "mjög" andvígir því (Mynd 5). Þá voru 16% þátttakenda óákveðnir eða höfðu aðra skoðu. Íslensku- (73%) og enskumælandi (83%) svarendum kom nokkuð vel saman um þetta málefni og var mikill meirihluti fylgjandi slíkri aðgerð.

Þessi viðhorf kalla á frekari aðgerðir til stofnunar verndartákns, til dæmis sjávarþjóðgarðs, sem samræmist óskum nærsamfélagsins. Til þess að skilja betur langanir og væntingar íbúa er æskilegt að ásamt sveitarstjórninni fái íbúar og aðrir hagsmunaaðilar að taka þátt í stofnun og þróun þessa verndartákns.




MYND 5. VIÐHORF TIL VERNDARTÁKNS INNAN VONARSVÆÐISINS. ÞETTA GRAF SÝNIR DREIFINGU SVARA FRÁ "MJÖG ANGVÍG/UR/T" Í "MJÖG HLYNNT/UR" Í PRÓSENTUTÖLUM FYRIR ENSKUMÆLANDI SVARENDUR (BLÁAR SÚLUR), ÍSLENSKUMÆLANDI (APPELSÍNUGULAR SÚLUR), OG HEILDARPRÓSENTU (GRÆN LÍNA).

5.6 Viðhorf til Stjórnun á Framtíðarstarfsemi

Samfélagið sýnir aukinni stýringu á starfsemi sem fer fram á hafsvæði Vonarsvæðisins mikinn stuðning, sérstaklega þeirri starfsemi sem gæti haft áhrif á náttúruna eða samfélagið sem heild.

Svarendur gerðu skýran greinarmun á þeirri starfsemi innan Vonarsvæðisins sem þarfnast betri stjórnunar og þeim sem þarfnast hennar ekki. Mikill meirihluti (80%) lýsti áhyggjum sínum af stóriðnaði á borð við veiðar, sjófrakt og stórútgerðir á svæðinu sem gætu haft áhrif á samfélagið eða umhverfið (Mynd 6). Á svipaðan hátt er talin þörf á auknu eftirliti með starfsemi á borð við fiskeldi, hafnarframkvæmdir, og þararæktun sem þarfnast uppbyggingu innviða og gæti haft áhrif á útlit gamalgróinna svæða.

Einnig er kallað eftir því að ýmis starfsemi tengd ferðamennsku eins og koma skemmtiferðaskipa og vélknúin afþreying (t.d. skemmtibátar og jet-ski) sé betur stjórnað (88% og 77% hvort um sig), en skoðanir eru skiptar varðandi hvalaskoðun (54% hlynnt strangari reglugerðum og 45% mótfallin). Hins vegar virðist ekki vera talin þörf á aukinni stýringu á smáum afþreyingafyrirtækjum sem bjóða til dæmis upp á stjóstangaveiði og köfun, en færri en 40% svarenda nefndu þá starfsemi sem áhyggjuefni. Þetta styður fyrri niðurstöður varðandi hvaða þætti nærsamfélagið leggur mest upp úr að varðveita og jákvætt viðhorf þess til frekari verndaraðgerða. Þessar niðurstöður veita líka fyrstu innsýn í hvaða starfsemi sé æskilegt að takmarka og leggur grunninn fyrir samræðum um stjórnunaráætlun fyrir starfsemi sem er nú þegar til staðar.



MYND 6. STJÓRNUNARÞÖRF Á STARFSEMI INNAN VONARSVÆÐISINS. ÞETTA GRAF SÝNIR ÞÁ STARFSEMI SEM SPURT VAR UM Í KÖNNUNINNI OG PRÓSENTUTÖLU ÞEIRRA SVARENDA SEM TÖLDU AÐ SÚ STARFSEMI "ÞURFI Á MEIRI REGLUGERÐUM OG STJÓRNUN AÐ HALDA" (BLÁAR SÚLUR) EÐA "ÞURFI EKKI Á MEIRI REGLUGERÐUM OG STJÓRNUN AÐ HALDA" (APPELSÍNUGULAR SÚLUR).

6. Tillögur um Næstu Skref



Byggt á niðurstöðum þessarar könnunar leggjum við fram eftirfarandi tillögur til þess að stuðla að frekari verndun hafsvæðisins á Vonarsvæði Norðausturlands:

A. Auka þátttöku og vitund samfélagsins

- Samfélagsþátttaka: Halda umræðuhópa með hagsmunaaðilum til þess að fá betri innsýn í þeirra sjónarmið varðandi stjórnunaráætlun Vonarsvæðisins, þar á meðal efnahagsleg og menningarleg áhrif. Skipuleggja rýnihópaviðræður við hagsmunaaðila til að skilja betur sjónarmið þeirra á Hope Spot stjórnunaráætluninni, þar með talið efnahagsleg og menningarleg áhrif.
- Fræðsluáætlanir: Hefja markvissar aðgerðir til þess upplýsa um minna þekktar ógnir við lífríki hafsins (t.d. hljóðmengun neðansjárvar, ágengar tegundir) með því að nýta niðurstöður úr könnunum og umræðuhópum til að fræða almenning og samræma vísindarannsóknir við almenningsálit og stefnumótun.

B. Rannsókn og Eftirfylgni

- Áhrifamat: Framkvæmd á rannsóknum til þess að meta umhverfis- og félagsfræðileg áhrif sem skilgreining Vonarsvæðisins gæti haft, með áherslu á tegundafjölbreytni, mengun, og álit almennings.
- Upplýst stjórnun: Stuðst við vísindalegar rannsóknir, líkt og rannsóknir á hegðun hvala eða hljóðmengun, til þess að upplýsa og finnstilla stjórnunarstefnur á hafsvæðinu, sérstaklega þegar kemur að skipaumferð.

6. Tillögur um Næstu Skref



C. Aukin Þátttaka Sveitarstjórnar

- Ánægja almennings: Framkvæmd á frekari könnunum til þess að bera kennsl á og takast á við áhyggjuefni almennings er tengjast umhverfinu og starfsemi á hafsvæði Vonarsvæðis Norðausturlands, með það að markmiði að bæta umhverfisverndarstefnu sveitarfélagsins.
- Betri samskipti: Séð til þess að samskipti við almenning séu skýr og að reglulegur uppfærslur séu aðgengilegar til þess að byggja upp ánægju og traust varðandi verkefni sveitarsfélagsins sem snúa að umhverfisvernd.

D. Stuðla að Sjálfbærri Starfsemi

- Stuðningur við umhverfisvæna og sjálfbæra starfsemi á svæðinu (t.d. ábyrg hvalaskoðun og smáútgerðir) í gegn um fjárhagslega styrki eða félagslegan hvata.

E. Nærgætin Þróun á Stjórnunaráætlun

- Þróun á reglugerðum með þátttöku yfirvalda og almennings sem tekur til greina ferðamennsku og efnahagslegan ávinning ásamt umhverfisvernd, sem vísa til dæmis að takmörkun á fjölda skemmtiferðaskipa og hvalaskoðunarleyfa, framfylgingu á umgengnisreglum, og kröfum á mati á umhverfisáhrifum nýrra breytinga.
- Uppbygging á lagalega bindandi ramma sem styður við framkvæmd og eftirlit með þessum reglugerðum.

7. Niðurstaða

Ísland stendur á mikilvægum krossgötum í verndun sjávar þar sem jafnvægið milli vistfræðilegrar varðveislu og forgangsröðunar samfélagsins verður að ná með brýnum og ásetningi. Niðurstöður þessarar rannsóknar, þó þær séu bráðabirgðatölur, undirstrika öflugt tækifæri: með því að samræma viðleitni sveitarfélaga við skýra löngun almennings til sterkari verndaraðgerða á hafinu getur Ísland ekki aðeins verndað vistkerfi hafsins heldur einnig styrkt forystu sína í sjálfbærri hafvörslu á heimsvísu. Tíminn til að bregðast við er núna, með afgerandi skrefum í átt að lagalega bindandi, samfélagsdrifinni sjávarstjórnun sem tryggir að Norðausturland Hope Spot þjónar sem leiðarljós vonar-not bara fyrir svæðið, heldur fyrir heiminn.



8. Heimildir

- 1) Intergovernmental Panel on Climate Change (IPCC). (2021). *Climate change 2021: The physical science basis. Contribution of working group I to the sixth assessment report of the intergovernmental panel on climate change*. Cambridge University Press. <https://www.ipcc.ch/report/ar6/wg1/>
- 2) WWF (2024) *Living Planet Report 2024 – A System in Peril*. WWF, Gland, Switzerland
- 3) Skarphéðinsson, K. H., & Pálsson, S. (2020). *Seabird decline in Iceland: A review of possible causes*. *ICES Journal of Marine Science*, fsaa123. <https://doi.org/10.1093/icesjms/fsaa123>
- 4) Kienitz, A. T. (2013). *Marine Debris in the Coastal Environment of Iceland's Nature Reserve, Hornstrandir – Sources, Consequences and Prevention Measures*. University of Iceland. Retrieved from [https://skemman.is/bitstream/1946/15898/4/Anna-Theresa%20Kienitz%20\(3\).pdf](https://skemman.is/bitstream/1946/15898/4/Anna-Theresa%20Kienitz%20(3).pdf)
- 5) Singh, W., Guðnason, K., Montanyès, M., & Lindegren, M. (2024). *Climate driven response of the Iceland–East Greenland–Jan Mayen capelin distribution*. *Fisheries Oceanography*. <https://doi.org/10.1111/fog.12702>
- 6) Icelandic Meteorological Office. (n.d.). *Climate report*. Vedur. <https://en.vedur.is/climatology/iceland/climate-report>
- 7) High Ambition Coalition for Nature and People. (2024, September 26). *Governments present new initiatives and share progress to date on 30x30 and nature finance contributions ahead of COP16*. HAC for Nature and People. <https://www.hacfornatureandpeople.org/governments-present-new-initiatives-and-share-progress-to-date-on-30x30-and-nature-finance-contributions-ahead-of-cop16/>
- 8) Statistics Iceland. (n.d.). *Sustainable Development Goal indicator 14.5.1: Coverage of protected areas in relation to marine areas*. Retrieved December 16, 2024, from <https://heimsmarkmidin.hagstofa.is/en/14-5-1/>
- 9) Mission Blue. (n.d.). *Hope spots*. Retrieved October 24, 2024, from <https://missionblue.org/hope-spots/>

8. Heimildir

- 10) Ocean Missions. (n.d.). Marine protection hope spot. Retrieved October 24, 2024, from <https://oceanmissions.org/marine-protection-hope-spot/>
- 11) Statistics Iceland. (n.d.). Municipalities and urban nuclei. Retrieved December 17, 2024, from <https://www.statice.is/statistics/population/inhabitants/municipalities-and-urban-nuclei>
- 12) Gall, S. C., & Rodwell, L. D. (2016). Evaluating the social acceptability of Marine Protected Areas. *Marine Policy*, 65, 30–38. <https://doi.org/10.1016/j.marpol.2015.12.004>
- 13) Gelcich, S., Buckley, P., Pinnegar, J. K., Chilvers, J., Lorenzoni, I., Terry, G., Guerrero, M., Castilla, J. C., Valdebenito, A., & Duarte, C. M. (2014). Public awareness, concerns, and priorities about anthropogenic impacts on marine environments. *Proceedings of the National Academy of Sciences*, 111(42), 15042–15047. <https://doi.org/10.1073/pnas.1417344111>
- 14) McNeill, A., Clifton, J., & Harvey, E. S. (2018). Attitudes to a marine protected area are associated with perceived social impacts. *Marine Policy*, 94, 106–118. <https://doi.org/10.1016/j.marpol.2018.04.020>
- 15) Rodrigues, J. G., Villasante, S., & Sousa-Pinto, I. (2024). Exploring perceptions to improve the outcomes of a marine protected area. *Ecology and Society*, 29(3). <https://doi.org/10.5751/ES-15159-290318>
- 16) Soares, J., Miguel, I., Venâncio, C., Lopes, I., & Oliveira, M. (2020). Perspectives on Micro(Nano)Plastics in the Marine Environment: Biological and Societal Considerations. *Water*, 12(11), Article 11. <https://doi.org/10.3390/w12113208>
- 17) van Oosterhout, L., Dijkstra, H., van Beukering, P., Rehdanz, K., Khedr, S., Brouwer, R., & Duijndam, S. (2022). Public Perceptions of Marine Plastic Litter: A Comparative Study Across European Countries and Seas. *Frontiers in Marine Science*, 8. <https://doi.org/10.3389/fmars.2021.784829>